

Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna 1923.

Auglýsing um staðfesting á breytingum á reglugjörð fyrir Íslandsbanka á 25. nóv. 1903, undirskrifuð af fjármálaráðherra 6. júní 1923.

Reglugjörð fyrir Íslandsbanka 25. nóv. 1903, með áorðnum breytingum 5. júlí 1906, 30. jan. 1909, 2. okt. 1914 og 6. júní 1923, undirskrifuð af fjármálaráðherra s. d.

Opið brjef um almennar reglulegar kjördæmakosningar til Alþingis, undirskrifað af konungi 11. ágúst 1923.

Auglýsing um samning um áskrift á blöðum og tímaritum milli Íslands og Noregs, undirskrifuð af atv.- og samgöngumálaráðherra 4. okt. 1923.

Starfsreglugjörð við samning um áskrift á blöðum og tímaritum milli Íslands og Noregs, undirskrifuð af aðalpóstm. sama dag.

Tilskipun um viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekju-skatts og eignarskatts í Reykjavík, undirskrifuð af konungi 3. febr. 1923.

Bráðabirgðalög um heimild fyrir ríkisstjórnina að veita undanþágu frá ákvæðum laga nr. 47, 3. nóv. 1915, um breytingu á lögum um útflutningsgjald hrossa 22. nóv. 1907, undirskrifuð af konungi 21. nóv. 1923.

Opið brjef er stefnir saman Alþingi til reglulegs fundar 15. febrúar 1924, undirskrifað af konungi 3. desember 1923.

Konungsbrjef um setning Alþingis, undirskrifað af konungi sama dag.

REGLUR

um

flokkun og merking á ull til útflutnings.

1. gr.

Ull, sem hæf er til útflutnings, flokkast þannig:

I. flokkur. Öll hvít vorull, sem er fætlingalaus, blæfalleg, greið og vel þvegin. Ull með gulleitu togi sje eigi útilokuð, ef þelið er vel hvítt og hún að öðru leyti fullnægir ofansögðu.

II. flokkur. Öll önnur hvít vorull, vel þvegin.

II. b. flokkur. Hvít haustull vel þvegin og þur.

III. flokkur. Öll svört eða að öðru leyti mislit vorull, sem um alt nema lit fullnægir sömu skilyrðum og I. flokks vorull.

IV. flokkur. Öll vel þvegin ull, sem að öðru leyti eigi fullnægir skilyrðum I. til III. flokks.

99 V. flokkur. Öll hvít haustull óþvegin, en laus við skarnklepra, blóð-
30. apríl skorpur og skinn snepla.

VI. flokkur. Öll mislit haustull, sem að öðru en lit fullnægir sömu skilyrðum og V. flokkur.

2. gr.

Sú ull, sem eigi er vél þur, er ekki hæf til útflutnings; ekki heldur ull, sem eigi fullnægir skilyrðum neins af framangreindum flokkum, eða ull sem talin verður svikin verslunarvara. Er það á ábyrgð lögskipaðra ullarmatsmanna, að þeir merki enga slíka ull til útflutnings.

3. gr.

Merkja skal hvern ullarsekk þannig: — Efst á hliðinni sje stimplað orðið ICELAND. Í línu neðar sje rómversk tala, er sýni hverjum flokki ullin tilheyrir. Í línu þar fyrir neðan sje skammstafað, þó ekki með færri en tveim bókstöfum, nafn ullarseljanda. Í neðstu línu skal vera áframhaldandi töluröð, svo að sjáist sekkjatala sú, sem hver einstök verslun eða kaupfjélag sendir eða selur til útflutnings.

Reglur þessar koma í staðinn fyrir reglur 26. maí 1920.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 30. apríl 1923.

Kl. Jónsson.

Vígfús Einarsson.

100
22. nóv.

REGLUGJÖRÐ.

um

notkun og meðferð rafmagns í Keflavík.

1. gr.

Rafveitan í Keflavík selur öllum rafmagn innan þess svæðis, sem taugar rafveitunnar ná yfir, að svo miklu leyti sem afl stöðvarinnar nægir, samkv. reglugjörð þessari.

2. gr.

Rafmagnið er eingöngu ætlað til lýsingar, þó má rafveitustjórnin selja til annara afnota afl það, sem stöðin getur framleitt umfram það, sem til ljósa þarf, ef það á engan hátt truflar rekstur stöðvarinnar til ljósa.